

## Fasteignafélagið Þórkatla hf.

Fundargerð 79. stjórnarfundar 23. júní, 2026 kl. 07:30 – 08:45.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

**1. Fundargerðir**

Fundargerð 78. fundar samþykkt.

**2. Skýrsla framkvæmdastjóra**

Undir þessum lið fór framkvæmdastjóri yfir stöðu ýmissa verkefna.

Hann fór yfir rekstur félagsins í maí og stöðu nokkurra ágreiningsmála. Niðurrif húsa standa enn yfir í Grindavík og frekari örútboð vegna þeirra í vinnslu.

Unnið er að undirbúningi á sölu eigna og einnig að næsta áfanga í skuldabréfaútgáfu og útgáfu hlutabréfa.

Umsóknum um hollvinasamninga hefur farið fjölgandi og framkvæmdastjóri sagði frá þeirri nýbreytni að félagið hefði boðið hollvinum að greiða efniskostnað vegna málningar gegn því að hollvinir sjái um vinnuna.

Loks greindi hann frá stöðu vinnu við skoðun og útfærslu skaðleysisyfirlýsingar vegna framkvæmdastjóra.



**3. Aðalfundur félagsins**

Rætt var um aðalfund félagsins og ákveðið að halda hann 17. ágúst nk. Kl. 15:00 á skrifstofu félagsins í Borgartúni 26. Farið var yfir tillögur stjórnar fyrir aðalfund og gengið frá sérstakri bókun þess efnis.

**4. Önnur mál**

Næsti stjórnarfundur verður 6. ágúst kl. 13:00.

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 08:45.

Guðrún Þorleifsdóttir  
  
Óskar Józefsson  
  
Örn Viðar  


## BÓKUN STJÓRNAR FASTEIGNAFÉLAGSINS ÞÓRKÖTLU HF.

Þann 23.6.2026, var haldinn stjórnarfundur hjá Fasteignafélaginu Þórkötlum hf., kt. 410324-0750, Borgartúni 26, 105 Reykjavík („félagið“). Stjórn félagsins færir eftirfarandi bókun:

Stjórn félagsins leggur til að eftirfarandi tillögur verði lagðar fram á aðalfundi félagsins sem haldinn verður kl. 15:00 þann 17. ágúst 2026.

### 1. Ársreikningur

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2025 verði samþykktur.

### 2. Ráðstöfun hagnaðar/taps

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025.

### 3. Þóknun til stjórnarmanna

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að stjórnarlaun verði hækkuð um 3,5% og verði kr. 134.550 á mánuði fyrir stjórnarmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir stjórnarformann. Taki stjórnarmenn að sé auka störf fyrir félagið utan hefðbundinna stjórnarstarfa verði samið sérstaklega um þóknun fyrir þau störf.

Þar að auki upplýsir stjórn að heildarfjárhæð greiddra launa félagsins á árinu hafi verið kr. 124.720.700, greiddur lífeyrissjóður kr. 27.552.017 og að annara starfsmannakostnaður hafi verið kr. 8.207.563.

### 4. Endurskoðandi


Stjórn leggur til að ríkisendurskoðandi endurskoði reikninga félagsins, sbr. 4. gr. laga nr. 45/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

### 5. Starfskjarastefna


Stjórn hefur tekið til endurskoðunar starfskjarastefnu félagsins og telur ekki þörf á að gera breytingar á henni. Það er því tillaga stjórnar að hluthafar félagsins staðfesti starfskjarastefnuna óbreytta frá fyrra ári.

Reykjavík, 23.6.2026


Í stjórn félagsins,



Óskar Jónsson, stjórnarformaður



Hermann Hermannsson, meðstjórnandi



Guðrún Þorleifsdóttir, meðstjórnandi